

1926

Þriðjudaginn 28. maí 1996.

Nr. 196/1996.

**Þrotabú Hesthólma hf.**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

gegn

**Vátryggingafélagi Íslands hf.**

(Grétar Haraldsson hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Hlutabréf. Hlutfélög. Veðréttur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. maí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1996, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um að fá með beinni aðfarargerð umráð yfir nánar tilteknum hlutabréfum í Læk hf., sem nú eru í vörslum varnaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að umbeðin gerð nái fram að ganga, og varnaraðila verði auk þess gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í hinum kærða úrskurði er sóknaraðili nefndur þrotabú Pólaris hf. Samkvæmt gögnum málsins var nafni Pólaris hf. breytt 29. október 1993 í Hesthólma hf., en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1994. Sóknaraðili málsins er því að réttu lagi þrotabú Hesthólma hf.

Krafa sóknaraðila er um innsetningargerð til að fá umráð yfir 55 hlutabréfum í Læk hf., að nafnverði 1.281.000 krónur og út gefnum 1962, 1973 og 1986. Hlutabréfin eru í eigu sóknaraðila, en voru með yfirlýsingu 25. júní 1993 sett að handveði til tryggingar á skuld Nýja verslunarfélagsins hf. við varnaraðila. Sóknaraðili heldur því fram, að handveðssetningin fái ekki staðist vegna ákvæða í samþykktum Lækjar hf. um takmarkanir á heimild til veðsetningar hlutabréfa í félaginu.

Í samþykktum Lækjar hf. frá 21. nóvember 1958 voru ekki settar aðrar hömlur við heimild hluthafa til að framselja eða veðsetja hlutabréf í félaginu en þær, að hluthafar áttu forkaupsrétt að þeim í samræmi við hlutafjäreign sína. Eftir útgáfu hlutabréfanna, sem deila málsaðila er um, var samþykktum félagsins hins vegar breytt. Núgildandi samþykktir þess eru frá 23. ágúst 1988 og bárust Hluta-félagaskrá 29. desember 1989. Í þeim segir meðal annars, að veðsetning hlutabréfa sé óheimil nema með samhljóða samþykki stjórnar félagsins og það skuli skráð á hlutabréfin.

Samkvæmt 23. gr. áðurgildandi laga nr. 32/1978 um hlutafélög áttu reglur um viðskiptabréf við um framsal og veðsetningu hlutabréfa nema annað væri skýrt tekið fram í hlutabréfinu, sbr. nú 29. gr. laga nr. 2/1995 um sama efni. Eðli máls samkvæmt verður að skýra þetta ákvæði með tilliti til sérstöðu hlutabréfa meðal viðskiptabréfa, en að baki hlutabréfum eru að jafnaði margbrotin og umfangsmikil lögskipti, sem ætlaður er langur aldur. Í stofnsamningi og samþykktum hlutafélags eru nánari ákvæði um þau lögskipti, en efni þessara gagna er almennt ekki tekið upp í hlutabréfum nema í takmörkuðum mæli, auk þess sem samþykktir hlutafélaga geta tekið breytingum.

Pegar varnaraðili fékk handveðsrétt í hlutabréfum sóknaraðila í Læk hf., gat hann ekki látið við það eitt sitja að kanna efni bréfa, enda mátti hann ekki treysta því, að þau geymdu tæmandi upplýsingar um hömlur á meðferð þeirra. Átti varnaraðili greiðan aðgang að upplýsingum úr Hluta-félagaskrá um fyrrgreindar takmarkanir, sem gilda um heimild til að veðsetja hlutabréf í félaginu. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á það með varnaraðila, að hann njóti handveðsréttar, sem standi í vegi kröfu sóknaraðila um að fá bréfin afhent með beinni aðfarargerð. Verður krafa sóknaraðila því tekin til greina.

Varnaraðili verður dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Sóknaraðila, þrotabúi Hesthólma hf., er heimilt með beinni aðfarargerð að fá úr umráðum varnaraðila, Vátryggingafélags

Íslands hf., 55 hlutabréf í Læk hf., að nafnverði 1.281.000 krónur.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1996.

Mál þetta var þingfest 26. mars 1996 og tekið til úrskurðar 19. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er þrotabú Pólaris hf. (nú Hesthólma hf.), kt. 500269-5539.

Gerðarþoli er Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að eftirtalin hlutabréf í hlutafélaginu Læk hf., kt. 450269-3609, samtals að nafnverði 1.281.000 kr., verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum gerðarþola og fengin lögmanni gerðarbeiðanda, Sigmundi Hannessyni hrl.:

Út gefin hlutabréf	Bréf, nr. bréfa	Fjöldi bréfa	Fjárhæð	Samtals
Pólaris hf. (1962)	14-18	5	50	250
Pólaris hf. (1973)	76-100	25	600	15.000
Pólaris hf. (jöfnunarbr. 1986)	4-6	3	50	150
Pólaris hf. (jöfnunarbr. 1986)	8-9	2	300	600
Pólaris hf. (jöfnunarbr. 1986)	11-15	5	1.000	5.000
Pólaris hf. (jöfnunarbr. 1986)	45-46	2	5.000	10.000
Pólaris hf. (jöfnunarbr. 1986)	4	1	50.000	50.000
Pólaris hf. (jöfnunarbr. 1986)	9-11	3	100.000	300.000
Pólaris hf. (jöfnunarbr. 1986)	38-46	9	100.000	900.000
	Samtals	55		1.281.000

Gerðarþoli krefst þess, að synjað verði um hina umbeðnu gerð og sér tildæmdur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda. Ef dómurinn hins vegar fellst á kröfu gerðarþola, er þess krafist, að sérstaklega verði tekið fram í úrskurðinum, að málskot til Hæstaréttar fresti aðfarargerð.

#### Málavextir.

Með yfirlýsingu stjórnarformanns Pólaris hf., dagsettri 25. júní 1993, voru gerðarþola handveðsett ofangreind hlutabréf Pólaris hf. í Læk hf., kt. 450269-3609, Lækjargötu 8 A, Reykjavík, samtals að nafnverði 1.281.000 kr.

Var veðið til tryggingar skuld, að fjárhæð 11.000.000 kr., samkvæmt skuldabréfi, út gefnu af Nýja verslunarfélaginu hf. til gerðarþola 25. júní 1993. Í yfirlýsingunni er tekið fram, að um handveðssetninguna gildi ákvæði skuldabréfsins. Bú Pólaris hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 31. janúar 1994. Heiti félagsins var breytt í Hesthólma hf. á hluthafafundi 29. október 1993.

Hinn 11. nóvember 1995 var þingfest í héraðsdómi mál, sem gerðarbeiðandi höfðaði á hendur gerðarþola til staðfestingar á eignarrétti gerðarbeiðanda á þeim hlutabréfum, sem hann krefst í máli þessu, að tekin verði úr vörslum gerðarþola. Lauk máli þessu með sátt 9. febrúar síðastliðinn, þar sem gerðarþoli viðurkenndi að vera ekki eigandi að umræddum hlutabréfum. Jafnframt er bókað eftir gerðarþola, að hann vefengi ekki eignarrétt gerðarbeiðanda að bréfunum, en telji sig hins vegar eiga handveðsrétt í þeim.

#### *Málsástæður og lagarök aðila.*

Gerðarbeiðandi skírskotar til þess, að hann sé lögformlegur eigandi umræddra hlutabréfa, og þá hafi veðsetning hlutabréfanna ekki verið heimil samkvæmt samþykktum Lækjar hf. frá 23. ágúst 1988. Um lagarök fyrir kröfu sinni vísar gerðarbeiðandi til 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Gerðarþoli telur, að ekki séu skilyrði til að verða við kröfu gerðarbeiðanda. Sé krafa hans ekki studd gögnum, sem fullnægi skilyrðum 78. gr. laga nr. 90/1989. Samkvæmt almennum reglum veðréttar sé handveðshafa heimilt að hafa andlag handveðs í sinni vörslu, enda hafi verið um það samið milli aðila og þeim samningi fullnægt af handveðssala. Sé gerðarbeiðandi bundinn af handveðssetningunni frá 25. júní 1993.

#### *Niðurstöður.*

Ágreiningslaust er með aðilum, að umrædd hlutabréf í hlutfélaginu Læk séu í eigu gerðarbeiðanda. Hlutabréf þessi voru handveðssett gerðarþola með yfirlýsingu stjórnarformanns Pólaris hf., dagsettri 25. júní 1993.

Um hlutabréf fer almennt að hætti reglna um viðskiptabréf varðandi mótbárutap við framsal og veðsetningu, þannig, að öll réttindi yfir því, sem ekki eru rituð á bréfið sjálft, glatast gagnvart grandlausum framsalshafa eða handveðsréttarhafa við afhendingu þess.

Hlutabréfanna eða ljósrita af þeim nýtur eigi í málinu. Eigi er því fram haldið af hálfu gerðarbeiðanda, að hlutabréfin, sem gefin voru út 4. desember 1973, beri með sér neinar hömlur um framsal eða veðsetningu, enda mun svo eigi vera. Samkvæmt upphaflegum samþykktum félagsins frá 21. nóvember 1958 voru engar hömlur lagðar við heimild hluthafa til að fram-

selja eða veðsetja hlutabréf í félaginu, en í samþykktum þess frá 23. ágúst 1988 er ákvæði um það, að veðsetning hlutabréfa félagsins sé óheimil nema með samhljóða samþykki stjórnar félagsins. Heldur gerðarbeiðandi því fram, að sú hafi ekki verið raunin í því tilviki, sem hér um ræðir.

Gerðarþoli öðlaðist veðrétt yfir umræddum hlutabréfum með handveðsetningu þeirra 25. júní 1993. Verður að telja, að gerðarbeiðanda hafi ekki tekist að hnekkja þeim veðrétti í innsetningarmáli þessu. Samkvæmt því er réttur gerðarbeiðanda til bréfanna eigi svo afdráttarlaus, að krafa hans um innsetningu verði tekin til greina gegn andmælum gerðarþola.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða gerðarbeiðanda til að greiða gerðarþola málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn 40.000 kr.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu gerðarbeiðanda, þrotabús Pólaris hf., um innsetningu í framangreind hlutabréf í Læk hf., sem eru í vörslum gerðarþola, Vátryggingafélags Íslands hf., er hafnað.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 40.000 kr. í málskostnað.

---